



Úrvinnslusjóður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Ágúst 2017

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Inngangur	3
2 Niðurstöður og ábendingar	4
3 Fjárheimildir og rekstur	5
3.1 Fjárheimildir	5
3.2 Rekstraráætlun.....	5
3.3 Niðurstaða.....	5
4 Innra eftirlit.....	6
4.1 Inngangur	6
4.2 Umfjöllun	6
4.3 Niðurstaða.....	6
5 Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1 Lög og reglugerðir	7
5.1.1 Ferðakostnaður.....	7
5.1.2 Risna.....	7
5.1.3 Opinber innkaup	7
5.1.4 Innkaupakort.....	7
5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti	7
5.1.6 Styrkir.....	7
5.1.7 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur.....	7
5.2 Niðurstaða.....	7
6 Endurskoðun efnahagsliða	8
6.1 Eignir	8
6.1.1 Ríkissjóður.....	8
6.1.2 Skammtímakröfur	8
6.1.3 Handbært fé.....	8
6.2 Eigið fé og skuldir	8
6.2.1 Höfuðstóll	8
6.2.2 Skammtímaskuldir	8
6.3 Niðurstaða.....	8
7 Önnur atriði	9
7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda	9
7.2 Lögfræðibréf	9
7.3 Óhæðisyfirlýsing.....	9
7.4 Umfang endurskoðunar	9

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Úrvinnslusjóðs, fjárlagaliður 14-287, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun hjá Úrvinnslusjóði sem áframhaldandi verkefni þar sem ársreikningur stofnunarinnar hefur verið árlega til skoðunar.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin fylgi þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir því að rekstur sjóðsins væri fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds og sértekjum. Endanlegar fjárheimildir samkvæmt fjárlögum 2016 og viðbótarfjárveitingar fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs námu 1.411,0 m.kr. Tekjur ársins 2016 voru 72,2 m.kr. hærrí en fjárheimildir gerðu ráð fyrir, þar af voru markaðar tekjur 84,6 m.kr. hærrí. Útgjöld voru lægri en fjárheimildir, þannig að nettó tekjuafgangur nam 169,6 m.kr. samanborið við 251,6 m.kr. tekjuafgang árið áður. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt rekstrarniðurstöðum fyrir árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	-1.241.000	-1.411.000	-1.495.596	-84.596	-1.386.480
Sértekjur, fjármagnsliðir	-70.000	-70.000	-57.638	12.362	-42.054
Rekstur vöruflokka	1.236.000	1.406.000	1.293.008	-112.992	1.092.928
Önnur rekstrargjöld	74.000	74.000	89.573	15.573	83.483
Eignakaup	1.000	1.000	1.026	26	488
Samtals	0	0	-169.627	-169.627	-251.635

Helstu breytingar á milli ára eru 109,1 m.kr. eða 7,9% hækkun á mörkuðum tekjum og 200,1 m.kr. hækkun á rekstri vöruflokka eða 18,3%. Af tekjuafgangi ársins 2016 eru 18,0 m.kr. fluttar á bundið eigið fé.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var uppfærð á árinu að hluta til vegna viðbótarfjárveitinga. Í áætlun var gert ráð fyrir 59,6 m.kr. tekjuafgangi en niðurstaðan varð 169,6 m.kr. Frávik stafa af lægri kostnaði vöruflokka og hærrí mörkuðum tekjum en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er reglulega farið yfir frávik frá rekstraráætlun.

3.3 Niðurstaða

Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða Úrvinnslusjóðs var jákvæð um 1.373,2 m.kr. í árslok 2016, þar af hafa 126,0 m.kr. verið fluttar á bundið eigið fé. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfið og frávikagreining er yfirfarin reglulega.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá sjóðnum. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að lögum og reglum sé fylgt.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til að innra eftirlit sé almennt í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og verklagsreglur um innkaup og afgreiðslu reikninga. Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og bókhaldið er fært í fjárhagskerfi ríkisins. Umsjón og ábyrgð með bókhaldi og fjármálum er því vel skilgreind og afmörkuð. Framkvæmdastjóri áritar reikninga á stofnunina til greiðslu.

Meginhluti tekna er af úrvinnslugjaldi sem eru markaðar tekjur á fjárlögum. Haldið er utan um tekjurnar í TBR, tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu.

4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Úrvinnslusjóði varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni sé fylgt.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Lög og reglugerðir

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

5.1.3 Opinber innkaup

Rekstrarstjóri skrifstofu sér um öll innkaup vegna reksturs skrifstofu. Við kaup á stærri tækjum og húsbúnaði eru rammisamningar ríkisins notaðir við innkaup.

5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort aðallega til greiðslu flugfargjalda, bílaleigubíla og vegna ferða innanlands.

5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu eða skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

5.1.6 Styrkir

Veittir styrkir á árinu 2016 námu samtals 245 þús. kr. og voru til starfsmannafélags stofnunarinnar. Styrkir eru gjaldfærðir og skuldfærðir í bókhaldi við greiðslu.

5.1.7 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Úrvinnslusjóður fylgi þeim lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 1.732,2 m.kr., skuldir námu 359 m.kr., bundið eigið fé nam 126 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 1.247,2 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	1.487.577	1.292.682	194.895
Skammtímakröfur	242.646	234.947	7.699
Handbært fé	2.028	1.914	114
Eignir alls	1.732.251	1.529.543	202.708
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	1.247.234	1.095.608	151.626
Bundið eigið fé	126.000	108.000	18.000
Skammtímaskuldir	359.017	325.935	33.082
Eigið fé og skuldir alls	1.732.251	1.529.543	202.708

6.1 Eignir

6.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá Ríkissjóði nam 1.487,6 m.kr. í árslok 2016 og hækkaði um 194,9 m.kr. frá fyrra ári.

6.1.2 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur í árslok 2016 námu 242,6 m.kr. og höfðu hækkað um 7,7 m.kr. frá lokum fyrra árs. Kröfurnar eru vegna óinnheimtra úrvinnslugjalda sem eru innheimt í TBR kerfinu.

6.1.3 Handbært fé

Handbært fé felst í bankainnistæðu. Samræmi var milli bókhalds og bankayfirlita á árslok 2016.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 1.242,2 m.kr. og hafði staðan batnað um 151,6 m.kr. frá árinu á undan, sem nemur tekjuafgangi ársins að frádregnum 18,0 m.kr., sem voru færðar á bundið eigið fé.

6.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir í árslok 2016 námu 359 m.kr. og höfðu hækkað um 33 m.kr. frá lokum fyrra árs. Helstu skuldir tengdust uppgjöri á úrvinnslugjaldi. Allir reikningar sem voru ógreiddir í árslok 2016 voru greiddir í upphafi árs 2017.

6.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.

7 Önnur atriði

7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs 26. júlí 2017.

7.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi stofnunarinnar og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi.

7.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Úrvinnslusjóði voru undirritaðar.

7.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Úrvinnslusjóði var undirrituð af ríkisendurskoðanda og framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs 26. maí 2017.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Úrvinnslusjóðs.